

leigan til Dyrvingis hafi haft þær verkanir, að Alfred og Kári yrði ekki ábúendur, og beri að líta á þá sem hina eiginlegu ábúendur jarðarinnar, þegar kaupin fóru fram. Hafi því ekki verið skylt að bjóða Dyrving eða hreppsnefndinni jörðina til kaups, þar sem stefndu Alfred og Kári samkvæmt ákvæðum forkaupsréttarlaganna nr. 55/1926 áttu forkaupsréttinn sjálfir.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en hinum skipaða talsmanni stefnanda skulu greiddar úr ríkissjóði 950 krónur í málflutningslaun og ferðakostnað.

Því dæmist rétt vera :

Stefndu, Alfred Guðmundsson, Guðmundur S. Guðmundsson f. h. Kára Guðmundssonar og Guðmundur Jónsson eiga að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, hreppsnefndar Garðahrepps, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hdm. Sig. Guðjónssonar, kr. 950.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 3. júní 1942.

Nr. 41/1942. Valdstjórnin (Magnús Thorlacius)
gegn

Halldóri Pálssyni (Einar Ásmundsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu kærða er það sannað, að hann hefur ekið bifreið með áhrifum áfengis, tekið ranga beygju af Skothúsvegi inn á Fjólugötu og rekizt þar á bifreið, er kom ofan Skothúsveg og kærði átti að víkja fyrir. Þessi háttsemi kærða varðar við 1. málsgr. 23. gr. og 1. málsgr. 27. gr. bifreiðarlaga nr. 23/1941 og 21. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, og þykir refsingin hæfilega ákveðin samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna 10 daga varðhald, eins og gert er í héraðsdómi, sem staðfestist að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Meðferð máls þessa er í ýmsum atriðum mjög ábótavant.

1. Hvorki kærði né yfirheyrði J. P. Jacobsen hafa verið kvaddir sagna um erindi kærða út í skipið Tordenskjöld til Jacobsens né erindi þeirra Jacobsens á Hringbraut 181.

2. Héraðsdómaranum hefur láðzt að höfða mál gegn kærða fyrir brot á umferðarlögum nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930.

3. Þá hefur dómarrinn hvorki rannsakað né dæmt brot Jacobsens gegn 40. gr. laga nr. 23/1941 og 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935.

4. Björn Hjaltsted, sem ók kærða brott af árekstrarstað bifreiðanna, hefur ekki verið inntur eftir því, hversvegna hann hafi gert þetta áður en lögreglumönnum gafst kostur á að kynna sér sönnunargögn, og ekki hefur verið rannsakað, hvort Björn hefur með háttalagi sínu þarna gerzt brotlegur við 2. málsgr. 212 gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Verður að átelja héraðsdómarrann fyrir ofangreind vömm.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Kærði, Halldór Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Magnúsar Thorlacius og Einaras Ásmundssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. marz 1942.

Ár 1942, þriðjudaginn 17. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarara af fulltrúa hans. Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 633/1942: Valdstjórnin gegn Halldóri Pálssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10 þ. m., er af valdstjórnarinnar

hálfu höfðað gegn Halldóri Pálssyni, verkfræðingi, til heimilis á Sóleyjargötu 7, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 frá 1941.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. júní 1896, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1928 $\frac{1}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1931 $\frac{5}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1932 $\frac{10}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1937 $\frac{2}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1938 $\frac{2}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt og svipting ökuskirteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur o. fl.
 1940 $\frac{3}{9}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1940 $\frac{4}{9}$ 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Klukkan 18.50 miðvikudaginn 7. janúar s. l. var tilkynnt á lög-reglustöðina, að árekstur hefði orðið þá rétt áður milli bifreiðanna R. 916 og G. 182 á gatnamótum Fjólugötu og Skothúsvegur. Varð áreksturinn með þeim hætti, að bifreiðin R. 916 kom upp Skothúsveg og var byrjuð að beygja suður Fjólugötu, er G. 182 kom ofan Skothúsveg og rakst á vinstri framhluta R. 916. Bifreiðarstjórinn á R. 916 var kærður. Skýrir hann svo frá, að nokkru áður en áreksturinn varð, hafi hann neytt áfengis um borð í erlendu skipi og ekið síðan R. 916 vestur á Hringbraut 181. Þar hafði hann dvalist í 3 stundarfjórðunga, en ekið síðan á leið heim til sín og lent þá í téðum árekstri. Kærður viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti, og er það í samræmi við framburð vitna, sem leidd hafa verið í málinu. Með þessu hefur kærður gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 21. gr. áfengisлага nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 38. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber og, með til-liti til þess, að um ítrekun er að ræða, að svipta kærðan leyfi til að stýra bifreið æfilangt.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 75.00 til skipaðs verjanda hans, Egils Sigurgeirssonar hdm.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Pálsson, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið æfilangt. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 75.00 til skipaðs verjanda hans, Egils Sigurgeirssonar hdm.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.